



Alþingi
Erindi nr. P 141/1603
komudagur 13.2.2013

FJÖLMIÐLANEFND

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsið v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2013
Mál nr. 2013-461/0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla

Fjölmiðlanefnd vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis frá 25. janúar 2013 þar sem óskað var eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (þingskjal 631 – 490. mál). Málið var áður lagt fram á 140. löggjafarþingi og sendi fjölmiðlanefnd umsögn um frumvarpið með bréfi dags. 14. maí 2012. Tekið hefur verið tillit til nokkurra þeirra athugasemda sem fjölmiðlanefnd setti fram í fyrri umsögn sinni. Fjölmiðlanefnd telur þó nauðsynlegt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd.

Um 1. gr.

Ein af þeim breytingum sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er að hugtakið efnisstjóri falli brott í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Til samræmis við þá breytingu er lagt til að umfjöllun um efnisstjóra falli út í c-lið 1. mgr. 50. og 51. gr. laganna.

Fjölmiðlanefnd bendir á að fjallað er um efnisstjóra í a-c lið 2. mgr. 24. gr. Þar segir að í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli m.a. fjallað um starfsskilyrði efnisstjóra, blaða- og fréttamanna, starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðlaveitu og skilyrði uppsagnar og áminningar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins verður hugtakið efnisstjóri ekki lengur skilgreint í lögnum og þar með kann að vera vafa undirorpið hverjir falli undir hugtakið. Fjölmiðlanefnd telur nauðsynlegt að gera breytingar á framangreindum ákvæðum til að ljóst sé til hverra reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði er ætlað að ná. Þannig telur fjölmiðlanefnd að orða mætti ákvæðin þannig að í stað þess að vísa til efnisstjóra væri vísað til stjórnenda þannig að ákvæði 2. mgr. 24. gr. gæti litið út með eftirfarandi hætti án þess að um efnislegar breytingar yrði að ræða.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:

a. starfsskilyrði viðkomandi blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar.

b. starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar.

c. skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði.

Um 4. gr.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að fjölmiðlanefnd verði veitt heimild til að ljúka málum með birtingu álots. Fjölmiðlanefnd skilur orðalag ákvæðisins og skýringar með því svo að um sé að ræða heimild fyrir sérstök tilvik. Það sé alfarið á forræði fjölmiðlanefndar að meta hvort henni skuli beitt í einstaka tilvikum, en samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna er það fjölmiðlanefndar að meta hvort erindi sem henni berst gefi nægar ástæður til meðferðar. Hið nýja ákvæði skapi þannig þeim sem sendir inn kvörtun, t.d. á þeim grunni að umfjöllun í fjölmiðli hafi farið í bága við friðhelgi einkalífs og þ.a.l. 26. gr. laganna, engan rétt til þess að nefndin hefji stjórnsýslumál. Sem áður sé það alfarið undir mati nefndarinnar komið hvort mál skuli hafið og umræddri heimild beitt. Þar sem ákvæði frumvarpsins og skýringarnar með því eru skýrar um framangreind atriði gerir nefndin ekki athugasemdir við ákvæðið. Nefndin áréttar hins vegar að hún telur varasamt að stjórnsýsluvæða deilur um ærumeiðingar og önnur brot gegn friðhelgi einkalífs, enda er æskilegra að slík mál séu áfram leyst fyrir dómi að öðru óbreyttu.

Um 5. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. mgr. 14. gr. laganna þannig að tilkynningu skuli fylgja upplýsingar um ábyrgðarmann og fyrirsvarsmann.

Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu segir að gerður sé áskilnaður um kennitölu og heimilisfang ábyrgðarmanns og fyrirsvarsmanns fjölmiðlaveitu. Fjölmiðlanefnd telur nauðsynlegt að áskilnaður um heimilisfang og kennitölu ábyrgðarmanns og fyrirsvarsmanns komi með beinum hætti fram í ákvæðinu og leggur til að breyting verði gerð á a-lið 5. gr. þar um. Þá telur fjölmiðlanefnd mikilvægt, til samræmis við breytingu þá sem lögð er til í b-lið 7. gr. frumvarpsins, að tilkynningu skuli fylgja nákvæmar upplýsingar um eignarhald og yfirráð á fjölmiðlaveitu, en ekki einungis eignarhald.

Um 7. gr.

Með c-lið 7. gr. frumvarpsins er lögð til ný 3. mgr. 17. gr., sem hljóðar svo: „Umsækjandi um almennt leyfi skal láta í té vottorð um heimilisfesti, lögræði og búsforræði sitt og ábyrgðarmanns, og vottorð fyrirtækjaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar við á.“ Ákvæðið sjálft vísar þannig til gagna um umsækjandann sjálfan (þ.e. fjölmiðlaveituna, sem getur ýmist verið einstaklingur eða lögaðili) og um ábyrgðarmanninn. Skýringarnar við ákvæðið eru hins vegar ekki í fullu samræmi við þetta, enda er þar ekki talað um ábyrgðarmann, heldur leyfishafann og fyrirsvarsmann,

þar segir: „Þá er lögð til sú breyting á 3. mgr. 17. gr. laganna að umsækjandi fjölmiðlaveitu þurfi að skila bæði upplýsingum um væntanlegan leyfishafa og fyrirvarsmann. Í þeim tilvikum þar sem leyfishafi og fyrirvarsmáður er sami aðili nægir að skila upplýsingum um þann eina aðila.“

Fjölmiðlanefnd telur ekki ljóst hvert markmiðið er með breytingu á ákvæðinu og telur að ákvæðið eins og það hljóðar í núgildandi fjölmiðlalögum sé skýrt og fullnægjandi. Það er tillaga fjölmiðlanefndar að c-liður 7. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Um 8. gr.

Með a-lið 8. gr. er lagt til nýtt orðalag 2. másl. 1. mgr. 26. gr. laganna. Er hér um að ræða sömu tillögu og í frumvarpinu sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi. Líkt og fjölmiðlanefnd lýsti af því tilefni telur nefndin til bóta að orðalagi greinarinnar verði breytt, enda sé orðalagið „að hafa í huga friðhelgi einkalífs“ ekki alls kostar heppilegt. Fjölmiðlanefnd telur þó að í stað þessa nýja orðalags væri heppilegra að orða málsliðinn: „Hún skal virða mannréttindi, jafnrétti og friðhelgi einkalífs“. Byggist þetta á því að sú undantekning sem felst í ákvæði frumvarpsins endurspeglar ekki nægilega vel þau sjónarmið sem mestu skipta við matið á mörkum 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og er að nokkru leyti of víðtæk í ljósi þeirra sjónarmiða. Rík dómaframkvæmd bæði héraðs og erlendis liggur fyrir um framangreind mörk og fjölmiðlanefnd telur að með því orðalagi sem lagt er til með frumvarpinu kunni óvissa að skapast.

Um 10. gr.

Með 10. gr. er lögð til breyting á a-lið 2. mgr. 28. gr. laganna. Fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemdir við þá breytingu og telur hana til bóta. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að gera frekari breytingar á ákvæði 28. gr., sem varða vernd barna gegn skaðlegu efni, til að tryggja að ákvæðið nái tilgangi sínum. Verður þetta nú nánar útskýrt.

Í lok 1. másl. 1. mgr. 28. gr. laganna er vísað til efnis sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi varðandi nánari tilgreiningu á efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á andlegan, líkamlegan eða siðferðilegan þroska barna. Hér er um ranga innleiðingu á sambærilegu ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að ræða en sú tilvísun sem hér er fjallað um á við efni sem getur haft *alvarleg* skaðvænleg áhrif á börn sem fjallað er um í 3. mgr. 28. gr. Með óbreyttu ákvæði 1. mgr. 28. gr. eru í reynd gerðar strangari kröfur um það efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á börn en markmiðið er samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þannig kann efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á börn að óbreyttu að vera heimilt í ríkara mæli samkvæmt 28. gr. laganna en samkvæmt tilskipuninni. Þá hefur tilvísunin til kláms eða efnis sem felur í sér tilefnislaust ofbeldi ennfremur þau áhrif að sýna má, klámefni eða kvikmynd sem sýnir gróft ofbeldi í línulegri dagskrá að því tilskyldu að tryggt sé með viðeigandi

tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því. Samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er tiltekið að undir *alvarlega* skaðvænlegt efni falli klám og tilefnislaust efni og slíku efni má einungis miðla í hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun þar sem gerðar eru tæknilegar ráðstafanir, en ekki í línulegri dagskrá. Fjölmiðlanefnd telur mjög mikilvægt að niðurlag 1. mgr. 28. gr. verði fellt út, þ.e. orðin „einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi“, en að því verði þess í stað bætt við í lok 3. mgr. 28. gr. Þó telur fjölmiðlanefnd ennfremur rétt að benda á að skv. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar það refsingu að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt og eru tilvitnuð ákvæði laga um fjölmiðla og almennra hegningarlaga ekki samrýmanleg að þessu leytnu til.

Þá telur fjölmiðlanefnd mikilvægt að benda á að vatnaskilsreglur 28. gr. laganna gera ekki greinarmun á efni eftir þeirri aldursflokkun sem framkvæmd er á grundvelli laga nr. 62/2006, en öllum sjónvarpsstöðvum er gert skylt að aldursmeta efni með tilliti til mögulegra skaðlegra áhrifa þess á börn. Þannig virðist sú regla gilda, að óbreyttu ákvæði 1. og 2. mgr. 28. gr., að efni sem ekki er talið við hæfi barna yngri en 7 ára má ekki sýna fyrir kl. 21.00 virka daga, líkt og efni sem ekki er talið við hæfi barna yngri en 16 ára. Fjölmiðlanefnd telur vafa ríkja um nauðsyn svo ríkrar takmörkunar og telur heppilegra að vísa til aldursviðmiða í texta ákvæðis a-liðar 2. mgr. 28. gr. Þannig mætti t.d. útfæra ákvæðið með þeim hætti að heimilt sé að sýna efni með aldursmati 10 ára og herra eftir kl. 19.00 og með aldursmati 12 og herra eftir kl. 21.00 virka daga en heimila sýningu á efni með aldursmat 10 ára og herra eftir kl. 20.00 á föstudags- og laugardagskvöldum og eftir kl. 22.00 sömu kvöld vegna efnis með aldursmat 12 og herra. Sem fyrr væri áskilið að á undan efninu sé birt skýr viðvörðun vegna efnis sem sýna á og það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem efninu er miðlað. Fjölmiðlanefnd telur jafnframt rétt að tekið sé til skoðunar að leyfa sýningu á efni sem bannað er börnum yngri en 7 ára á öllum tímum sólarhings en fjölmiðlaveitu verði gert skylt að birta skýra viðvörðun og auðkenna með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða.

Þá telur fjölmiðlanefnd jafnframt mikilvægt að benda á að ekki er gerður greinarmunur á aldursflokkun sem framkvæmd er á grundvelli laga nr. 62/2006, á efni eftir pöntun samkvæmt c-lið 2. mgr. 28. gr. Þannig virðist sú regla gilda, að efni sem ekki er talið við hæfi barna, hvort sem efnið er bannað börnum yngri en 7 eða 16 ára, megji ekki miðla nema að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að efnið nái ekki til barna. Samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er kveðið á um að slíkar takmarkanir eigi við þegar um *alvarlega* skaðvænlegt efni er að ræða. Fjölmiðlanefnd telur vafa á nauðsyn svo ríkrar takmörkunar og telur heppilegra að vísa til aldursviðmiða í texta. Fjölmiðlanefnd telur hæfilegt að tryggja að efni sem getur haft *alvarlega* skaðvænleg

áhrif á líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna verði gert óaðgengilegt börnum með tæknilegum ráðstöfunum enda slíkt í samræmi við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina.

Þá telur fjölmiðlanefnd nauðsynlegt að bætt verði við 1. mgr. 28. gr. tilvísun til laga nr. 62/2006 um það efni sem skylt er að aldursmeta í hljóð- og myndmiðlum samkvæmt þeim lögum.

Um 12. og 13. gr.

Með 12. og 13. gr. eru lagðar til breytingar á ábyrgðarreglum 50. og 51. gr. laganna. Fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemd við umrædda breytingu m.t.t. einkaréttar en telur hins vegar mikilvægt að breytingar verði gerðar á ábyrgðarreglunum með tilliti til eftirlits og úrræða fjölmiðlanefndar. Verður þetta nú nánar útskýrt.

Eins og lögnum er háttað er ýmislegt óljóst um samspil efnisreglnanna í V. og VI. kafla annars vegar og ábyrgðarreglnanna í 50. og 51. gr. hins vegar, þ.á m. í ljósi 54. gr. um stjórnvaldssektir. Í V. og VI. kafla eru ýmsar skyldur lagðar á fjölmiðlaveitur, sem tíðast eru lögaðilar, og í 54. gr. er síðan mælt fyrir um að fjölmiðlanefnd leggi „stjórnvaldssektir á lögaðila sé brotið“ gegn einstökum ákvæðum kaflanna. Ábyrgðarreglur 50. og 51. gr., sem eiga samkvæmt upphafi þeirra við „um viðurlög, refsí- og fébótaábyrgð“, miða hins vegar við að ábyrgðin þegar efni brýtur í bága við lög hvíli á einstaklingum (ef frá eru talin tilvik viðskiptaboða). Nokkuð óljóst er hvernig skilja ber framangreind ákvæði. Halda má því fram að nærtækast sé að skilja hugtakið „viðurlög“ í síðastgreindum ákvæðum svo að það taki til stjórnvaldssekta, en á móti er í reynd afar órökrétt að miða við að 50. og 51. gr. taki til slíkra sekta, þar sem heimildir til þeirra lúta samkvæmt 54. gr. að lögaðilum á meðan ábyrgðin samkvæmt 50. og 51. gr. er einstaklinga (að frátöldum viðskiptaboðum). Þá eru skyldurnar samkvæmt V. og VI. kafla sem fyrr segir almennt fjölmiðlaveitunnar og því eðlilegast að stjórnvaldssektin sé hennar. Í þessu sambandi má einnig nefna að fyrirmæli 2. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 51. gr., að fjölmiðlaveita beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta sem starfsmanni kann að vera gert að greiða er í reynd órökrétt þar sem stjórnvaldssektir verða samkvæmt 54. gr. aðeins lagðar á lögaðila.

Fjölmiðlanefnd telur því að framangreind ákvæði séu að nokkru leyti óljós og órökrétt og mikilvægt sé að gera réttarstöðuna að þessu leyti skýrari. Í þeim efnum telur fjölmiðlanefnd eðlilegast að miða við að ábyrgð vegna brota á lögum nr. 38/2011 liggi hjá viðkomandi fjölmiðlaveitu, enda lúta umrædd lög, sem fjölmiðlanefnd er falið eftirlit með, að fjölmiðlum og fjölmiðlaveitum. Þá væri slíkt í bestu samræmi við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina. Leggur fjölmiðlanefnd mikla áherslu á að slíkar breytingar verði gerðar við meðferð frumvarpsins og eru starfsmenn hennar reiðubúnir til frekara samráðs um útfærslu þeirra.

Um fylgiskjal II

Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins er talið að ákvæði frumvarpsins feli ekki í sér verulegar breytingar á starfsskyldum fjölmiðlanefndar og umfangi þeirrar starfsemi. Fjölmiðlanefnd telur nauðsynlegt að ítreka athugasemdir sínar frá fyrri umsögn. Hafa ber í huga að samkvæmt frumvarpinu er með skýrum hætti gert ráð fyrir ríkara samrunaeftirliti en með öðrum fyrirtækjum á markaði. Þannig skulu fjölmiðlaveitur tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna sem að minnsta kosti ein fjölmiðlaveita með að lágmarki 100 millj. kr. ársveltu á Íslandi á aðild að. Fjölmiðlanefnd getur samkvæmt frumvarpinu bæði beint tilmælum til Samkeppniseftirlitsins um að grípa til aðgerða auk þess sem Samkeppniseftirlitið skal afla umsagnar fjölmiðlanefndar áður en gripið er til aðgerða á grundvelli 16 gr. frumvarpsins (62. gr. a). Jafnframt ber að geta þess að fjölmiðlanefnd getur farið þess á leit við Samkeppniseftirlitið að það krefji samrunaaðila um tilkynningu um samruna telji hún verulegar líkur á að samruni, sem þegar hefur átt sér stað og uppfyllir ekki skilyrði um veltu, geti dregið umtalsvert úr fjölræði og fjölbreytni.

Fjölmiðlanefnd telur mat fjármálaráðuneytisins á þeim auknu skyldum sem lagðar eru á fjölmiðlanefnd og Samkeppniseftirlitið samkvæmt frumvarpinu verulega vanáætlað. Ljóst er að fjölmiðlanefnd getur ekki sinnt auknum skyldum sem felast í auknu eftirliti með eignarhaldi fjölmiðla miðað við núverandi fjárheimildir sínar.

Fjölmiðlanefnd mun að óbreyttu ekki hafa burði til að beina tilmælum til Samkeppniseftirlitsins um að grípa til aðgerða án ítarlegrar forkönnunar á fjölmiðlamarkaði. Þá hefur fjölmiðlanefnd hvorki nægilega þekkingu né getu til að bregðast við með núverandi mannafla og senda Samkeppniseftirlitinu ítarlega umsögn verði gripið til aðgerða á grundvelli 62 gr. a. Slík umsögn krefst verulegrar rannsóknar á markaðnum og þar með mannafla sem fjölmiðlanefnd býr ekki yfir. Fjölmiðlanefnd skal samkvæmt lögum tryggja að upplýsingar um eignarhald fjölmiðlaveitu sé aðgengileg á vef nefndarinnar. Hún hefur hins vegar engar forsendur miðað við núverandi mannafla til að vinna frekar úr þeim upplýsingum og rannsaka þróun eignarhalds fjölmiðla yfir lengri tíma. Það er forsenda þess að fjölmiðlanefnd geti veitt ítarlega umsögn og/eða beint tilmælum til Samkeppniseftirlitsins verði frumvarpið að lögum. Fjölmiðlanefnd telur sérstaka ástæðu til að benda á að við mat á fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði er ekki nægjanlegt að hafa aðeins víðtæka þekkingu á eignarhaldi fjölmiðla. Slíkt mat hlýtur eðli máls samkvæmt einnig að snerta efniskaupasamninga fjölmiðla, dreifingarleiðir fjölmiðla, markaðshlutdeild fjölmiðla, samninga um áhorfsmælingar og annað sem skiptir máli við að meta bæði fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði og aðgangspröskuld lítilla eða nýrra fjölmiðla að markaðnum. Fjölmiðlanefnd hefur heldur ekki forsendur til að krefja samrunaaðila um tilkynningu á grundvelli sjónarmiða um fjölræði og fjölbreytni að óbreyttu.

Er það mat fjölmiðlanefndar að með kostnaðarmati því sem fylgir frumvarpinu sé í raun verið að taka ákvörðun um að *ekki* skuli gripið til aðgerða á grundvelli ákvæða frumvarpsins. Þó að fjölmiðlanefnd hafi engar efnislegar athugasemdir við ákvæði

frumvarpsins um hertar reglur um eignarhald fjölmiðla leggst fjölmiðlanefnd gegn því að fyrrgreind ákvæði verði að lögum komi ekki til auknar fjárheimildir svo hægt sé að framfylgja þeim.

Til viðbótar efni frumvarpsins

Í VI. kafla laga um fjölmiðla eru ákvæði sem varða viðskiptaboð og fjarkaup. Kaflanum má í meginatriðum skipta í tvo þætti. Annars vegar sérstakar reglur sem gilda um ýmsar tegundir viðskiptaboða svo sem vöruinnsetningu, sýndarauglýsingar, auglýsingar, kostun og fjarkaup, en hins vegar eru almennar reglur sem varða efni slíkra viðskiptaboða.

Í 39. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla eru viðskiptaboð skilgreind með eftirfarandi hætti:

Viðskiptaboð eru texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Viðskiptaboð þurfa þannig að varða vöru, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi til að þau falli undir ákvæði fjölmiðlalaga.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjölmiðlalaga er hugtakið atvinnustarfsemi ekki skilgreint frekar en að skilgreiningin á viðskiptaboðum byggji á h-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar nr. 2010/13/EB. Ekki er þar frekari skýringu að finna.


Fjölmiðlanefnd telur nauðsynlegt að skýra með frekari hætti hvaða starfsemi fellur undir hugtakið atvinnustarfsemi. Vafi leikur á því hvort t.d. stjórnmalaflokkar, hagsmunasamtök og íþróttafélög falla undir hugtakið. Þannig kunna auglýsingar þessara aðila, í prentmiðlum og hljóð- og myndmiðlum, að vera undanskildar ákvæðum laga um fjölmiðla bæði að formi og efni til þar sem vafi er á því hvort slíkir aðilar teljast stunda atvinnustarfsemi. Á meðan svo ríkur vafi leikur á því hverjir teljast stunda atvinnustarfsemi telur fjölmiðlanefnd sig ekki getað fjallað um hvort efni slíkra auglýsinga væri brot á t.d. 3. mgr. 37. gr. Þar segir að viðskiptaboð og fjarkaup skuli m.a. ekki skerða virðingu fyrir mannlegri reisn né mismuna á grundvelli trúarbragða, kynþáttar o.s.frv. eða um brot á 1. mgr. 37. gr. sé að ræða um að viðskiptaboð skuli vera skýrt afmörkuð frá öðru efni og auðþekktanleg. Nauðsynlegt er að skilgreina og afmarka hvert eigi að vera gildissvið laganna að þessu leytinu til svo ljóst sé hvaða reglur gilda um auglýsingar þessara aðila.

Þá leggur fjölmiðlanefnd til breytingu á 1. mgr. 54. gr. laganna þess efnis að í stað orðsins „lögaðila“ komi „fjölmiðlaveitu“. Er tillagan nátengd framangreindri tillögu um að skýrt verði gert að ábyrgðin sé fjölmiðlaveitunnar, en fjölmiðlaveita getur

samkvæmt 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bæði verið lögaðili og einstaklingur.

Fjölmiðlanefnd vísar að lokum í umsögn við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 með síðari breytingum (þingskjal 134-134. mál) sem send var allsherjar- og menntamálanefnd með bréfi, dags. 22. október 2012. Þar var óskað eftir því að efnislegar breytingar yrðu gerðar á lögum um fjölmiðla og frumvarpinu vegna fyrirhugaðra breytinga á áfengislögum. Fjölmiðlanefnd áréttar nauðsyn þess að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í umsögninni til að tryggja að samræmi sé milli laga um fjölmiðla og áfengislaga.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Elfa Yr Gylfadóttir